



# VEITUSTJÓRN HRUNAMANNAHREPPS



## 7. fundur Veitustjórnar Hrunamannahrepps var haldinn fimmtudaginn 8.júní 2023 í Ráðhúsi Hrunamannahrepps og hófst hann kl. 17:30.

Fundinn sátu: Sigurjón Snær Jónsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði. Einnig sátu fundinn Sigurður Sigurjónsson í forföllum Bjarneyjar Vignisdóttur, Ævar Eyfjörð Sigurðsson, Halldóra Hjörleifsdóttir í forföllum Daða Geirs Samúelssonar og Kolbrún Haraldsdóttir.

Auk þeirra sátu fundinn: Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu. Í upphafi leitaði formaður eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Gengið til dagskrár:

### 1. Reikningur frá Flúðaorku

Borist hefur reikningur frá Flúðaorku með ósk um kostnaðarþátttöku Hitaveitu Flúða í vinnu og efni vegna tengingar varmavers við dælustöð á Kópsvatni.

Stjórn samþykkir að greiða hluta af umræddum reikningi í samræmi við umræður á fundinum.

### 2. Skollagróf - staða á köldu vatni

Veitustjóri gerð grein fyrir úttekt Hauks Jóhannessonar, jarðfræðings, á aðstæðum og mögulegum vatnstökusvæðum í grennd við Skollagróf. Tilgangur úttektarinnar var að kortleggja þá möguleika sem gætu falist í öflun á köldu vatni á svæðinu.

Stjórn samþykkir að fela veitustjóra og sveitarstjóra að ræða betur við Hauk sem og við ábúendur varðandi þá möguleika sem taldir eru vera í stöðunni.

### 3. Tilboð í nýjan bíl

Á fundi veitustjórnar þann 15. maí s.l. var rætt um bílamál veitunnar. Á þeim fundi var veitustjóra falið að skoða þá möguleika sem eru í boði og leggja valkosti fyrir næsta fund stjórnar. Veitustjóri hefur kannað málið og leggur fram tilboð frá Heklu ehf vegna nýrrar rafknúinnar bifreiðar.

Stjórn er sammála því að nauðsynlegt sé að endurnýja bílinn sem hér er um rætt en samþykkir að vísa kaupunum til fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2024 enda er ekki gert ráð fyrir þessum

útgjöldum á áætlun ársins 2023. Jafnframt leggur veitustjórn áherslu á að bílamál áhaldahúss og veitna sveitarfélagsins verði skoðuð í heild sinni eins fljótt og kostur er.

#### **4. Rúgbrauð**

Formaður ræddi möguleika sem falist geta í holunni við sundlaugina þar sem hægt er að baka rúgbrauð en nokkrir áhugasamir hafa nýtt sér þennan möguleika.

Stjórn er sammála því að rúgbrauðsbakstur við hverahita er partur af menningararfi svæðisins sem gaman væri að gera hærra undir höfði.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 19:45.